

## Starfsemi RML – Grein nr. 1 – 2022

RML hefur það meginhlutverk að vera ráðgjafarfyrirtæki í landbúnaði og er að fullu í eigu Bændasamtakanna og þar af leiðandi bænda og hefur sem slíkt ansi víðtækt hlutverk. Auk þess að veita bændum hlutlausu og óháða ráðgjöf sinnir RML ráðgjöf til ýmissa hagaðila svo sem ríkisstofnana, ráðuneyta og einkaaðila. Til að geta sinnt þessu hlutverki þarf fyrirtækið að búa að fjölbreyttum mannauð, fólki með sérþekkingu á sínu sviði, fólki sem hefur aðgang að nýjustu þekkingu og getur miðlað upplýsingum.

RML heldur utan um öll skýrsluhaldskerfi Bændasamtakanna en þar á landbúnaðurinn gríðarlegt gagnasafn sem nýtist við upplýsingajöf, ráðgjöf og við kynbótarstarfið. Starfsemi RML og fræðastofnana landbúnaðarins er nátengd og í gegnum tíðina hafa þessir aðilar lagt sig fram um að halda uppi góðu samstarfi með ýmiskonar samvinnu og samtali. Það er mikilvægt að þessar stoðir landbúnaðarins vinni saman með bændum við þær krefjandi aðstæður sem íslenskir bændur búa við ekki síst um þessar mundir.

RML hefur frá stofnun þurft að taka mið af þeim hröðu breytingum sem eru að verða bæði í samfélaginu almennt sem og starfsumhverfi landbúnaðarins. Aukin áhersla á rafæn samskipti, ör tækniþróun og aukin áhersla á umhverfis og loftslagsmál eru dæmi um slíkt. Einnig má nefna það mikla magn gagna sem verður til bæði í gegnum skýrsluhald og með aukinni notkun tölvustýrðs vélbúnaðar við landbúnaðarstörf. Þessi gagnasöfnun og nýting þessara gagna skapar hvort tveggja í senn, stórar áskoranir og mikil tækifæri

Rafræn samskipti auka möguleika á því að ráðgjöf sé sinnt hratt og vel þrátt fyrir fjarlægðir. Þrátt fyrir að ákveðinn hluti þjónustu og hluti ráðgjafar geti farið fram rafrænt er það mikilvægt að ráðunautar RML þekki aðstæður vel og séu í góðum tengslum við bændur. Starfsfólk RML er staðsett á um 12 stöðum víðsvegar um landið og býr að yfirgripsmikilli þekkingu á staðháttum og hefur mikla tengingu við bændur. Engu að síður viljum við gjarnan gera enn betur í þeim efnum og það kom fram í þjónustukönnun sem við gerðum nýlega að bændur vilja mjög gjarnan að ráðgjöf RML sé almennt aðgengilegri og eftirfylgni sé meiri. Um 430 bændur tóku þátt í þjónustukönnuninni og við munum nýta þær upplýsingar til að efla þá starfsemi sem bændur eru með beinum hætti að óska eftir.

Rekstur RML hefur gengið ágætlega þrátt fyrir að ríkisframlag til ráðgjafarþjónustu hafi minnkað ár frá ári. Nú er svo komið að innan við helmingur tekna RML kemur í gegnum framlög frá ríkinu. Það skýtur nokkuð skökku við að þrátt fyrir þær áskoranir sem blasa við íslenskum landbúnaði þá sé framlag til ráðgjafarþjónustu að minnka. Rétt er þó að taka fram að ríkið og ráðuneyti þess hafa verið að styrkja starfsemi RML með beinum samningum um ákveðinn verkefni svo sem loftlags- og umhverfisverkefni. Þau verkefni nýtast við þekkingaröflun en ekki síður við miðlun nýrrar þekkingar beint til bænda og annara hagaðila. Samningar og þróunarverkefni sem RML hafa tekið að sér voru á síðasta ári um 14 prósent af tekjum fyrirtækisins og hafa farið vaxandi. Beinarn tekjur vegna ráðgjafar, sölu á þjónustu, og notendagjöld vegna hugbúnaðar eru á milli þrjátíu og fjörtíu prósent af tekjum. Gera má ráð fyrir að allavega hluti þessa tekjustofns haldi áfram að minnka hlutfallslega þar sem bændum er að fækka, nema það takist að snúa þeirri þróun við.

Starfsemi RML þarf að taka mið af þessum áskorunum sem raktar hafa verið hér á undan. Fram kom í þjónustukönnun sem ég minntist á hér fyrir í greininni að við þyrftum að gera betur í að koma upplýsingum á framfæri um fyrirtækið og sem einn liður í því mun ég fara í nokkrum greinum yfir helstu starfsemi RML í næstu Bændablöðum.

**Karvel L. Karvelsson framkvæmdastjóri RML**